

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á ígulkerum í Breiðafirði, suðursvæði.

1. gr.

Frá 22. apríl 2020 eru allar veiðar á ígulkerum óheimilar í Breiðafirði, suðursvæði, austan línu sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°53,12' N – 24°02,45' V Öndverðarnes
 2. 65°30,00' N – 24°30,00' V Bjargtangar
- og sunnan við línu, sem er rv. 65°13'00 N.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.